

Vi är Lajon!

Höfundur texta: Jens Mattsson (Svíþjóð)
Höfundur mynda: Jenny Lucander (Finnlandi)
Natur och Kultur, 2019
Hlaut Barna- og unglingabókaverðlaun
Norðurlandaráðs 2020.

Söguþráður: Tvö systkini leika sér saman öllum stundum. Þau eru hættuleg og hugröck ljón á sléttunni. En dag einn veikist stóribróðir og verður að leggjast inn á sjúkrahús. Hann getur aðeins öskrað ofurlágt þegar litli bróðir hans vill leika við hann. Stundum losnar hann við slöngur og snúrur. Þá sér litli bróðir um að dvölin á sjúkrahúsinu sé full af ævintýrum og leik. Gætið ykkar, flóðhestakallar á náttbuxum og sebrakellingar með göngugrind!

Efnisorð: leikur, veikindi, hugmyndaflug, lífskraftur, systkinasamband, systkinakærleikur, samkennd

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Hvað eru strákar­nir að gera? Getið þið læðst eins og ljón, stökkið eins og ljón, öskrað eins og ljón?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé? Í hvaða leik heldurðu að börnin á myndinni séu? Myndirðu vilja vera ljón og læðast um á sléttunni? Geturðu læðst án þess að heyrist í þér? Eða myndirðu frekar vilja vera annað dýr? Hvað myndirðu þá gera?

2. Látið börnin velja mynd í bókinni sem þau hafa gaman af eða eru að velta fyrir sér. Biðjið þau að segja frá myndinni.

3. Leikið ljón. Leggið af stað út á sléttuna. Hver verða á vegi ykkar? Teiknið ljónamyndir eða búið til ljón og önnur dýr á sléttunni til dæmis úr klósettrúllum.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Myndin af sjúkrahúsinu með öllum tuskudýrunum. Hefurðu komið á sjúkrahús? Hvernig leit það út? Stóribróðir á fullt af tuskudýrum. Hvað myndir þú taka með þér á sjúkrahús, tuskudýr, leikfang eða uppáhaldsbókina þína?



ISBN 978-952-7486-44-3


2. Teiknaðu og skrifaðu kort sem væri hægt að fara með á næsta sjúkrahús og gleðja barn sem liggur þar. Hjálpið að við að mála stóra mynd út frá teikningum í bókinni (ábending: bakhlíðin á veggfóðursrúllu). Látið börnin teikna og mála hvert sitt ljón og festið á blaðið þegar búið er að mála grunninn.

3. Skoðaðu myndirnar í bókinni, hvaða tilfinningar finnst þér þær gefa frá sér og hvers vegna finnst þér það?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Síðasta myndin þar sem stóribróðir og litlibróðir liggja í rúminu. Veltu fyrir þér þessum óljósu sögulokum. Hvað heldurðu að hafi svo gerst? Eiga stóribróðir og litlibróðir eftir að leika sér saman aftur?



AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Jag och alla. Höfundar: Ylva Karlsson og Sara Lundberg. Berið saman opnuna í Jag och alla þar sem Alex liggur lasinn í rúminu sínu og myndirnar af rúminu á sjúkrahúsinu í Vi är lajon! Hvaða tilfinningum miðla þessar myndir?

MÁLAMOLI

"Leikur"

sænska

Lek

danska

Leg

norska

Lek

íslenska

Leikur

færeyska

Leikur

grænlandska

Pinnguarneq

finnska

Leikki

norðursamíska

Stoagus



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)